

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/7/EB

2003/EES/57/23

frá 18. febrúar 2002

um breytingu á tilskipun ráðsins 96/53/EB um að ákveða leyfileg hámarksból vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 71. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,með hliðsjón af álit svæðanefndarinnar ⁽³⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 96/53/EB ⁽⁵⁾ voru, sem liður í sameiginlegri stefnu í flutningamálum, ákveðin samræmd hámarksból fyrir ökutæki til vöruflytninga á vegum.
- 2) Þörf er á að setja samræmd, leyfileg hámarksból fyrir ökutæki til farþegaflutninga á vegum. Sá munur, sem er á gildandi stöðlum í aðildarríkjunum að því er varðar mál ökutækja til farþegaflutninga á vegum, getur haft skaðleg áhrif á samkeppnisstyrki og hindrað flutninga milli aðildarríkja.
- 3) Þar sem aðildarríkin geta ekki til fulls náð því markmiði að samræma leyfileg hámarksból ökutækja til farþegaflutninga á vegum, og þar sem því verður betur náð á vettvangi bandalagsins vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur viðtak áhrif, getur bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifráðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi því markmiði.
- 4) Með framkvæmd innri markaðarins í huga ber að rýmka gildissvið tilskipunar 96/53/EB þannig að það nái yfir innanlandsflutninga, að svo miklu leyti sem um er að ræða atriði sem hafa umtalsverð áhrif á samkeppnisstyrki á sviði flutninga, en hér er einkum

átt við gildi sem snerta mestu leyfilegu lengd og breidd ökutækja til farþegaflutninga.

- 5) Skapa ber grundvöll fyrir því að samræmdar reglur um hámarksþyngd og -mál ökutækja séu óbreyttar til lengri tíma lítið. Því skulu breytingarnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, ekki skapa fordæmi að því er varðar leyfilega hámarksþyngd og -mál hópþingreiða og annarra tegunda vélknúinna ökutækja.
- 6) Af ástæðum, er varða öryggi á vegum, skulu hópþingreiðir uppfylla nothæfisviðmiðanir að því er varðar stýrihæfni.
- 7) Af ástæðum, er varða öryggi á vegum og tengjast ástandi grunnvirkja landanna, er Portúgal og Breska konungsríkinu heimilt, á aðlögunartímabili, að banna á yfirráðasvæði sínu notkun hópþingreiða sem ekki uppfylla ákveðnar viðmiðanir um stýrihæfni.
- 8) Heimilt er að leyfa áframhaldandi notkun hópþingreiða sem hafa verið skráðar eða teknar í notkun áður en þessi tilskipun kemur til framkvæmda og samræmast ekki þeim málsetningum sem kveðið er á um í þessari tilskipun, sem stafar af því að innlend ákvæði eða mæliaðferðir hafa verið ólík, á aðlögunartímabili í flutningum í aðildarríkinu þar sem ökutækið er skráð eða tekið í notkun.
- 9) Breyta ber tilskipun 96/53/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun 96/53/EB er breytt sem hér segir:

1. Í 1. gr.:

a) Eftirfarandi komi í stað a-liðar 1. mgr.:

„a) mál ökutækja í flokki M2 og M3 og eftirvagna þeirra í flokki 0 og ökutækja í flokki N2 og N3 og eftirvagna þeirra í flokki 03 og 04, sbr. skilgreiningu í II. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EEB frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkja um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾;

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 47, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2002 frá 27. september 2002 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 61, 12.12.2002, bls. 24.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 274 E, 26.9.2000, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 123, 25.4.2001, bls. 76.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 144, 16.5.2001, bls. 15.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 3. október 2000 (Stjtið. EB C 178, 22.6.2001, bls. 60), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. september 2001 (Stjtið. EB C 360, 15.12.2001, bls. 7) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. janúar 2002.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/40/EB (Stjtið. EB L 203, 10.8.2000, bls. 9).

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Tilskipun þessi skal ekki eiga við um liðvagna með fleiri en einum liðamótum.“

2. Eftirfarandi komi í stað annars undirliðar í 1. mgr. 3. gr.:

„—á ökutækjum, sem ekið er innanlands og eru skráð eða tekin í notkun í öðru aðildarríki, af ástæðum sem varða mál þeirra;“.

3. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað 1. og 2. mgr.:

„1. Aðildarríkin skulu ekki leyfa á yfirráðasvæðum sínum venjulega notkun:

a) ökutækja eða samtengdra ökutækja til vöruflutninga innanlands sem uppfylla ekki þær kröfur sem um getur í lið 1.1, 1.2, 1.4, 1.5, 1.6, 1.7, 1.8, 4.2 og 4.4 í I. viðauka;

b) ökutækja til farþegaflutninga innanlands sem uppfylla ekki þær kröfur sem um getur í lið 1.1, 1.2., 1.4a, 1.5 og 1.5a í I. viðauka.

2. Aðildarríkin geta engu að síður leyft á yfirráðasvæðum sínum notkun:

a) ökutækja eða samtengdra ökutækja til vöruflutninga innanlands sem uppfylla ekki þær kröfur sem um getur í lið 1.3, 2, 3, 4.1 og 4.3 í I. viðauka;

b) ökutækja til farþegaflutninga innanlands sem uppfylla ekki þær kröfur sem um getur í lið 1.3, 2, 3, 4.1 og 4.3 í I. viðauka.“

b) eftirfarandi komi í stað 4. mgr.:

i) í fyrstu undirgrein komi „ökutæki eða samtengd ökutæki sem eru notuð í flutningum ...“ í stað „ökutæki eða samtengd ökutæki, sem eru notuð í vöruflutningum ...“;

ii) í þriðju undirgrein komi „notkun ökutækja [...] í flutningum innanlands á yfirráðasvæði sínu ...“ í stað „notkun ökutækja [...] í vöruflutningum innanlands á yfirráðasvæði sínu ...“;

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7. Aðildarríkin geta leyft notkun hópþífreiða á yfirráðasvæðum sínum til 31. desember 2020 þótt þær séu yfir þeim málum sem kveðið er á um í lið 1.1, 1.2, 1.5 og 1.5a í I. viðauka, enda hafi þær verið skráðar eða teknar í notkun áður en tilskipun þessi kemur til framkvæmda.“;

4. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að framfylgt sé ákvæðum sem gilda í hverju aðildarríki um umferð á vegum og heimila að þyngd og/eða mál ökutækja séu

takmörkuð á tilteknum vegum eða vegamannvirkjum, óháð því í hvaða ríki ökutækin eru skráð eða tekin í notkun.

Þetta felur í sér þann möguleika að setja staðbundnar takmarkanir á leyfileg hámarksból og/eða -þyngd ökutækja sem kunna að vera notuð á tilteknum svæðum eða tilteknum vegum þar sem grunnvirki henta ekki löngum og þungum ökutækjum, svo sem í miðborgum, litlum þorpum eða á stöðum sem eru sérstaklega áhugaverðir vegna náttúrufars.“

5. Eftirfarandi grein bætist við:

„8. gr. a

Portúgal og Breska konungsríkinu er heimilt að hafna eða banna á yfirráðasvæði sínu til 9. mars 2005 notkun hópþífreiðanna, sem um getur í lið 1.1 í I. viðauka, uppfylli þær ekki eftirtaldir viðmiðanir um stýrihæfni:

— þegar hópþífreiðin er kyrrstæð og stýrð hjól hennar vísa þannig að færi ökutækið af stað myndi ysti og fremsti punktur þess teikna hring með 12,50 m radius verður til lóðrétt plan, sem snertir þá hlið ökutækis sem snýr út úr hringnum, við það að dregin er lína á jörðina. Sé um að ræða liðvagn skulu báðir óliðskiptu hlutar hans mynda beina línu við planið,

— þegar hópþífreiðin hreyfist fram á við á hvora hliðina sem er eftir hringnum sem er með 12,50 m radius má enginn hluti hennar fara út fyrir lóðréttu planið um meira en sem nemur 0,80 m ef um er að ræða óliðskipta hópþífreið, sem er allt að 12 m á lengd, eða um meira en sem nemur 1,20 m ef um er að ræða annaðhvort óliðskipta hópþífreið, sem er yfir 12 m á lengd eða liðvagn.“

6. Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. a

Að því er varðar lið 1.5a í I. viðauka skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 9. mars 2005, leggja fram skýrslu um hagkvæmni þess að lækka gildið 0,60 m, sem um getur í öðrum undirlið þess liðar, til að herða öryggisskilyrði tengd stýrihæfni langra hópþífreiða. Ef við á skal fylgja skýrslunni tillaga um réttarreglur um samsvarandi breytingu á þessari tilskipun.“

7. Texta I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 1.1 komi eftirfarandi:

„1.1 hámarksból:

— vélknúð ökutæki,	
annað en hópþífreið	12,00 m
— eftirvagn	12,00 m
— liðskipt ökutæki	16,50 m
— vagnalest	18,75 m
— liðvagn	18,75 m
— tvíása hópþífreið	13,50 m
— hópþífreið með fleiri en tveimur ásum	15,00 m
— hópþífreið + eftirvagn	18,75 m“

b) eftirfarandi liður bætist við:

„1.4a Sé laus aukabúnaður, svo sem skíðahulstur, settur á hópbifreið má lengd hennar, að auka-búnaðinum meðtöldum, ekki fara yfir hámarks lengd sem mælt er fyrir um í lið 1.1“;

c) eftirfarandi liður bætist við:

„1.5a *Viðbótarkröfur varðandi hópbifreiðar*

Þegar ökutækið er kyrrstætt skal verða til lóðrétt plan sem snertir þá hlið ökutækis, sem snýr út úr hringnum, við það að dregin er lína á jörðina. Sé um að ræða liðskipt ökutæki skulu báðir óliðskiptu hlutar hans mynda beina línu við planið.

Þegar ökutækið færir úr beinni línu inn á hringlaga svæðið sem lýst er í lið 1.5 skal enginn hluti þess fara út fyrir lóðréttu planið um meira en sem nemur 0,60 m.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 9. mars 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni öll ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. PIQUÉ I CAMPS

forseti.